

Tillaga Garðabæjarlistans um að Garðabær innleiði Framfaravogina mælitæki sem mælir velsæld bæjarbúa.

Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Bæjarstjórn samþykkir að hefja vinnu við að greina kosti og galla þess að innleiða Framfaravogina mælitæki sem mælir velsæld bæjarbúa.

Greinargerð

Samhliða innleiðingu Heimsmarkmiða, Barnasáttmála sameinuðupjóðanna og þess að Garðabær er þegar orðið Heilsueflandi samfélag er mikilvægt að hafa þar til gerð tæki og tól til þess að mæla árangur.

Velsæld íbúa skiptir máli og því skiptir máli að geta mælt og unnið að betra samfélagi út frá niðurstöðum mælinga. Framfaravogin gefa slíka yfirsýn og hefur þegar sýnt gagnsemi sína í nokkrum sveitarfélögum hér á landi.

Markmið Framfaravogarinnar er að draga fram stöðu félagslegra framfara í samfélaginu og um leið og sýna hvar og hvað má betur fara. Framfaravogin er stjórnæki eða einskonar vegvísir sem hjálpar sveitarfélögum að byggja upp umhverfi og innviði sem stuðla að félagslegu öryggi, heilbrigðum lífsháttum og samfélagslegri þátttöku allra íbúa.

Áherslur á félagslegar framfarir og umbætur er taka tillit til fleiri þátta en efnahagslegra verðmæta einna, hafa aukist verulega á undanförunum misserum. Ein leið til að draga fram stöðuna og stilla upp aðgerðum þar sem að félagslegar framfarir eru hafðar að leiðarljósi er að beita kortlagningu vísitölu félagslegra framfara.